

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>PRHXS24</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	
Síða 1 af 1		

<b>Kennari</b>	Karen Malmquist, karen@vma.is	<b>Sk.st.</b>	KMQ
----------------	-------------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Nemendur sem sækja þennan áfanga geta haft mjög misjafna kunnáttu í prjóni og hekli.

Kappkostað er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur, þ.e. allt frá því að kenna grunntækni og vinnubrögð yfir í flóknari viðfangsefni. Áhersla lögð á vinnugleði og afslappað andrúmsloft í tímum.

### Markmið:

Að örva sköpunargleði, fínhreyfingar, hug og hönd.

Að nemendur læri undirstöðuatriði í prjóni og hekli (eftir því sem kostur er) og læri að lesa úr og nýta sér prjóna- og hekluppskriftir (eftir því sem kostur er).

Að nemendur læri þessa gömlu heimilisiðju sem vonandi getur nýst þeim í tómstundum og/eða starfi þegar út í lífið er komið.

### Námsgögn:

Prjóna- og hekl bækur og blöð í eigu kennarans og skólans, vefsíður, prjónar og heklunálar sem skólinn lánar. Garn, ýmist sem nemendur velja sjálfir í garnverslun undir leiðsögn kennarans eða kennari útvegar.

### Áætlun um yfirferð:

Hver og einn nemandi fer á sínum hraða og yfirferð þ.a.l. mjög einstaklingsbundin.

### Verkefní:

Geta orðið mjög mismunandi þar sem nemendur velja sér viðfangsefni sjálfir.

### Námsmat og vægi námsþáttá:

Áfanginn er próflaus, lokaeinkunn verður gefin í töluum í lok annar og byggist á eftirfarandi:

Ástundun og vinnubrögð í tímum	50%
Verkefnin sem unnin verða	20%
Frumkvæði og sköpunargleði	20%
Mæting í kennslustundir	10%

### Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar

**Dagsetning: 20. ágúst 2013**

---

Undirritun kennara

---

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils